

Mál nr. 141/2001

M og Vátryggingafélagið V v/áb.tr. snyrtistofunnar S.

Slys þegar kona féll á gólfi í snyrtistofu þ. 21.6. 2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.6.7.2001 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 441/01
3. Bréf V dags. 23.7.2001.
4. Tjónaskoðun 9.11.2000 ásamt ljósmynd.

Málsatvik.

M var á snyrtistofunni S og á leiðinni út rann hún í með þeim afleiðingum að hún bæði lær- og handleggsbrotnaði á vinstra fæti og hendi. Í lögregluskýrslu segir að ekki sé vitað hvort M rann til á mottu við útidyrhurð eða missté sig á þröskuldinum. M segist hafa runnið til á einni mottunni sem er á gólfi S. Starfsmaður S segir M hafa setið á stól frammi eftir hárgreiðslu og beðið eftir að verða sótt en staðið upp með þessum afleiðingum. Á gólfinu voru nokkuð þykkar strámottur og undir þeim net úr stömu gúmmiefni til að hindra að þær rynnu og segir í skýrslu um tjónsskoðun að stamningin hafi virkað vel og ekkert athugavert að sjá við gólf eða mottur. Lögmaður M segir að M hafi verið í andlitssnyrtingu og engin sönnun sé fyrir því að um sömu mottur og/eða undirlag hafi verið að ræða á S þegar tjónsskoðun fór fram og þegar M varð fyrir tjóni. Lögmaður M segir að á leiðinni út virðist M hafa runnið til á flísum og rekið tærnar í þykka strámottu og þar sem M sé frekar stírt í hreyfingum hafi hún dottið. Lögmaður M telur að flísar á gólfi S hafi verið flughálar og stór hætta á að fólk geti runnið og dottið og þá hafi mottur ekki dregið úr hættunni enda séu þær of þykkar og lipurt fólk geti auðveldlega rekið sig í og fallið hvað þá fólk sem er stírt í hreyfingum og á tíðum "hálf vankað" eftir andlitsböð. V segir sömu mottur á meðfylgjandi ljósmynd og þegar slysið varð og ekki þykkari en almennar dýramottur og flísar á gólfi hafi ekki verið öðru vísi eða hálli en gengur og gerist. V heldur því fram að slys M í umrætt sinn verði ekki rakið til vanbúnaðar eða vanrækslu og því ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til að aðbúnaður og frágangur á gólfi S hafi ekki verið með eðlilegum og viðunandi hætti. Þá liggur ekkert fyrir í málinu sem bent getur til vanrækslu starfsmanna S gagnvart M eða annar sem til þess er fallið að valda bótaábyrgð S í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 17.8.2001.

Jónína Lárusdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.